

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Stellu Rúnarsdóttur
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 1. nóvember 2021
UST202110-097/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – frístundabyggð – Torfastaðir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Torfastaði 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan nær til um 25 ha svæði innan jarðarinnar Torfastaða 1 sem er vestan megin við Álftavatn í um 2-10 m hæð yfir vatnsyfirborði vatnsins. Skilgreindar eru 30 frístundalóðir en í núgildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarland.

Forsendur

Umhverfisstofnun vísar í fyrri umsagnir stofnunarinnar um fyrirhugað frístundasvæði og ítrekar að það er mat stofnunarinnar að uppbygging frístundahúsa haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði, en komist hjá því að fara inn á svæði em eru óröskuð, á hverfisverndarsvæðum eða á svæðum á náttúruminjaskrá. Í heildarendurskoðun Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem er nú í kynningu hafa komið fram upplýsingar um fjölda frístundasvæða og hve margar lóðir hafa verið skipulagðar og byggðar. Þar má sjá að mikill fjöldi frístundalóða innan sveitarfélagsins er enn óbyggður.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að svæðið er innan afmarkaðs svæðis á náttúruminjaskrá nr. 747 (C-hluta). Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja en hún er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Skipulagssvæðið er á svæði sem kallast *Sogið-Pingvallavatn* en mörk þess liggja að ármótum við Hvítá í suðri, ásamt 100 m verndarjaðri meðfram bökkum vatnsins og árinna. Svæðið er tilnefnt vegna fuglalífs en það er mikilvægt svæði fyrir himbrima á vorin og haustin og fyrir húsönd og gulönd á veturna.

Mikil og vaxandi frístundabyggð er nefnd sem ein helsta ógnin við svæðið en víða er hún of nærri ár- og vatnsbökkum og henni fylgir lífræn mengun. Í greinargerð er tekið fram að byggingarreitir verði í 100 m fjarlægð frá vatnsbökkum. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að mörk lóðanna séu ekki nær en 100 m frá bökkum til að raska ekki svæði sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið er einnig flokkað sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði skv. skrá alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna BirdLife International. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gerðir séu skilmálar um að framkvæmdir skuli eiga sér stað utan varptíma.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar um svæðið til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur